

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjöræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1981. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkissáðuneytisins frá 9. janúar 1980.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	6.50
Einstakir miðar, börn	—	3.00
10 miðar, fullorðnir	—	40.00
10 miðar, börn	—	13.00
10 miðar, aldraðir	—	20.00
Gufubað	—	11.00
Leiga á handklæðum og skýlum	—	5.00
Sundnámskeið, fullorðnir	—	125.00
Sundnámskeið, börn	—	90.00
10 miða kort 16 ára og eldri, sundfélög	—	14.00
10 miða kort yngri en 16 ára, sundfélög	—	7.00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 566 24. október 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.